

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari. Gjaldtaka byggir á meginreglunni um „borgað þegar hent er“, í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi (2023) og ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Gjaldið miðast við stærð og tegund íláta og fjölda tæminga. Hverjum húsráðanda er skylt að nota það ílát, sem sveitarstjórn ákveður og hentar magni úrgangs sem til fellur á hverjum stað, sbr. heimild í 9. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Norðan Miðbrautar er lífrænum úrgangi safnað sérstaklega, en sunnan Miðbrautar gefst íbúum kostur á að kaupa jarðgerðartunnu með aðstoð sveitarfélagsins.

Þá er lagt á sérstakt gjald á búfjáreigendur til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og miðast gjaldið við að standa undir hluta af áætluðum kostnaði við förgunina fyrir hverja búfjartegund.

Hverri íbúð fylgir klippikort á söfnunarstöð Eyjafjarðarsveitar sem dugar í 16 klipp og hverju frístundahúsi fylgir klippikort sem dugar í 8 klipp. Hvert klipp er fyrir allt að 0,25 rúmmetrum af gjaldskyldum flokkum.

3. gr.

Á hverja íbúð greiðist sorphirðugjald sem ræðst af stærð íláta, tíðni losana og úrgangstegund:

Gjaldnr.	Skýring	Upphæð
510240	Blandaður úrgangur 240 l	19.632 kr.
510360	Blandaður úrgangur 360 l	29.541 kr.
510660	Blandaður úrgangur 660 l	47.354 kr.
511000	Blandaður úrgangur 1.000 l	64.200 kr.
520060	Lífúrgangur, hólf	4.586 kr.
520140	Lífúrgangur 140 l	32.000 kr.
520360	Lífúrgangur 360 l	39.000 kr.
540240	Pappi og pappír 240 l	3.500 kr.
540360	Pappi og pappír 360 l	8.000 kr.
540660	Pappi og pappír 660 l	17.583 kr.
541000	Pappi og pappír 1.000 l	28.444 kr.
550240	Plast 240 l	3.500 kr.
550360	Plast 360 l	8.000 kr.
550660	Plast 660 l	17.583 kr.
551000	Plast 1.000 l	28.444 kr.
590001	Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva	21.000 kr.
590002	Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva, sumarhús/frístundahús	10.500 kr.
<i>Lögaðilar og aukatunna</i>		
610240	Blandaður úrgangur 240 l, lögaðili	26.632 kr.
610360	Blandaður úrgangur 360 l, lögaðili	40.732 kr.
610660	Blandaður úrgangur 660 l, lögaðili	57.155 kr.
611000	Blandaður úrgangur 1.000 l, lögaðili	79.758 kr.
640240	Pappi og pappír 240 l, lögaðili	13.903 kr.
640360	Pappi og pappír 360 l, lögaðili	18.403 kr.

640660	Pappi og pappír 660 l, lögaðili	27.986 kr.
641000	Pappi og pappír 1.000 l, lögaðili	38.847 kr.
650240	Plast 240 l, lögaðili	13.903 kr.
650360	Plast 360 l, lögaðili	18.403 kr.
650660	Plast 660 l, lögaðili	27.986 kr.
651000	Plast 1.000 l, lögaðili	38.847 kr.

4. gr.

Á hvert frístundahús er lagt gjald fyrir meðhöndlun úrgangs kr. 11.567 (rekstur grenndar- og söfnunarstöðva, sumarhús) enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á grenndarstöðvar og söfnunarstöðvar á vegum sveitarfélagsins með notkun klippikorts.

Eigendur frístundahúsa geta að auki samið um að sorp verði tekið hjá þeim á tímabilinu 1. júní – 31. ágúst, enda séu sorpilát þá höfð aðgengileg fyrir verktaka sem sjá um sorphirðuna. Sorphirðan fylgir sömu reglum og önnur sorphirða á viðkomandi svæði og skal greiða sérstaklega fyrir þjónustuna 30% af árlegu sorphirðugjaldi íbúða.

5. gr.

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjartegundar samkvæmt búfjár-
eftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir 1.389 kr./grip
Geldneyti 695 kr./grip
Sauðfé og geitfé 167 kr./grip
Hross 256 kr./grip
Grísir 649 kr./grip
Hænur 20 kr./pr. hænu

6. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu skal lagt á og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem það er lagt á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Gjaldskrá þessi tekur breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við vísitölu neysliverðs og sækir grunn sinn í stöðu vísitölnunnar í janúar 2025 (635,5 stig).

7. gr.

Gjaldskrá þessi var staðfest af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 12. desember 2024 og var samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 13. febrúar 2025, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 137/2024.

Eyjafjarðarsveit, 18. febrúar 2025.

Finnur Yngvi Kristinsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. mars 2025